



**Byggðastofnun**  
Próunarsvið

Alþingi  
Erindi nr. P 128/159j  
komudagur 7.3.2003

Dagsetning  
5.3.2003


Samgöngunefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík


Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, 399. mál, flugvallagjald.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Lagabreytingunni er ætlað að örva komu ferðamanna til landsins utan háannatíma. Það er fyrirtækjum í ferðaþjónustu mikilvægt og stuðlar að betri nýtingu fjárfestingar í greininni.

Virðingarfyllt

  
Dr. Bjarki Johannesson  
forstöðumaður Próunarsviðs  
Byggðastofnunar

  
Guðmundur Guðmundsson  
ráðgjafi á Próunarsviði Byggðastofnunar

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/1693*  
*komudagur 12.3.2003*

Samgöngunefnd Alþingis  
Ágúst Geir Ágústsson  
nefndarritari  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK  
Ísland

10.03.2003

Kæri Ágúst.

Flugfélag Íslands hefur verið beðið um umsögn um ofangreint mál. Megininnihald er á þá leið, að innheimta flugvallargjalda falli niður yfir veturinn og er meginforsenda sú að örva ferðapjónustu utan háannatíma. Það er ljóst að allir flugrekstraraðilar hljóta að verða ánægðir með niðurfellingar gjalda sem til staðar eru. Hvort meginmarkmið um fjölgun ferðamanna utan háannatíma náist með þessum aðgerðum er erfitt að meta. Það er alveg ljóst að verðlagning ferða hingað til lands skiptir máli, þar sem Ísland er í samkeppni við ýmsa aðra áfangastaði um þessa farþega.

Það þarf þó að hafa í huga nokkur atriði. Í fyrsta lagi er að nefna, að flugvallargjöld standa undir hluta framkvæmda við flugmálaáætlun. Það er ljóst, að til lengri tíma er það ekki góður kostur fyrir flugrekendur að draga úr framkvæmdum við mannvirki sem tengjast flugi. Þar er að sjálfsögðu lögð megináhersla á framkvæmdarþætti, sem snúa að öryggi í flugi. Mikið hefur áunnist á undanförunum árum, en enn eru verkefni óunnin. Við göngum út frá því, að fjármagn verði ekki skert til framkvæmda við flugmálaáætlun, þó að tekjur verði skertar á þennan hátt. Hitt atriðið, sem vert er að benda á, er að enn er í gangi mál, þar sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur kvartað yfir mismunandi upphæð flugvallargjalda eftir því hvort um innanlands- eða millilandaflug er að ræða. Það eru miklar líkur til þess að það mál geti haft áhrif á innheimtu flugvallargjalda til framtíðar, þar sem krafan er, að sömu gjöld verði innheimt af öllu flugi. Þetta skiptir e.t.v. ekki meginmáli í samhengi við þessa tillögu, en er þó rétt að benda á þetta atriði.

Ég vona að þetta komi að einhverjum notum og ef þörf er á frekari umsögn, þá erum við reiðubúin til að veita allar þær upplýsingar sem þarf.


Með kveðju

  
Jón Karl Ólafsson

**FLUGFÉLAG ÍSLANDS**

*Air Iceland*

Reykjavíkurlugvelli • 101 Reykjavík • Sími 570 3000 • Fax 570 3001



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/1645*  
*komudagur 11.3.2003*

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 6. mars 2003

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála nr. 31/1987 með síðari breytingum.

Icelandair er sammála þeirri yfirlýsingu flutningsmanna að nauðsynlegt sé að íslensk stjórnvöld leggi sitt af mörkum til að örva ferðaþjónustu yfir vetrarmánuðina en miklar árstíðasveiflur eru eitt stærsta vandamál íslenskrar ferðaþjónustu. Icelandair fagnar því hverri tillögu sem miðar að því að fjölga ferðamönnum til landsins yfir vetrartímamann og er ljóst að niðurfelling flugvallagjalds yfir vetrartímamann skiptir þar máli.

Tillagan virðist fallin til þess að bæta rekstrarumhverfi þeirra fyrirtækja sem starfa í ferðaþjónustunni á heilsársgrundvelli. Félagið leggur þó áherslu á að hún leiði ekki til annarra gjalda fyrir flug- eða ferðaþjónustuna.

Virðingarfyllt  
f.h. Icelandair,

Gudjon Arngrimsson

**Samtök ferðapjónustunnar**

Borgartún 35  
105 Reykjavík  
Sími: 511 8000  
Símbref: 511 8008  
www.saf.is  
Netfang: info@saf.is

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/1644*  
*komudagur 11.3.2003*



Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 8. mars 2003


**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála nr. 31/1987 með síðari breytingum.**

Samtök ferðapjónustunnar eru sammála þeirri yfirlýsingu flutningsmanna að nauðsynlegt sé að íslensk stjórnvöld leggi sitt af mörkum til að örva ferðapjónustu yfir vetrarmánuðina en miklar árstíðasveiflur eru eitt stærsta vandamál íslenskrar ferðapjónustu.

Samtökin fagna því hverri tillögu sem miðar að því að fjölga ferðamönnum til landsins yfir vetrartímam og er ljóst að niðurfelling flugvallagjalds yfir vetrartímam skiptir þar máli.

Bent skal á að þar sem flugvallaskattur er hluti af merktum tekjum samgönguáætlunar þarf að sjálfsgöðu að tryggja fjármagn í staðinn svo hægt sé að standa að framkvæmdum samgönguáætlunar á sama hátt og áður. Lögð er áhersla á að ekki séu lagðir aðrir eða hækkaðir skattar á fyrirtækin til að mæta þessu tekjutapi, þá væri til einskis unnið.

Virðingarfyllt  
f.h. Samtaka ferðapjónustunnar

  
Erna Hauksdóttir  
framkvæmdastjóri